# Sunnudagur 25. júní



## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Sunnudagshugvekja.** Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir flytur.
18.00 **Sumarglugginn.** Umsjón Árný Jóhannsdóttir.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
19.00 **Shelley** (The Return of Shelley). Breskur gamanmyndaflokkur um hrakfallabálkinn Shelley sem skemmti sjónvarpsáhorfendum fyrir nokkrum árum. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
19.30 **Kastljós á sunnudegi.** Fréttir og fréttaskýringar.
20.35 **Ugluspegill.** Umsjón Helga Thorberg.
21.10 **Vatnsleysuveldið** (Dirtwater Dynasty). Sjötti þáttur. Ástralskur myndaflokkur í tíu þáttum. Leikstjóri Michael Jenkins. Aðalhlutverk Hugo Weaving, Victoria Longley, Judy Morris, Steve Jacobs og Dennis Miller. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir.
22.00 **Íþróttir.** Úrslitaleikur í Evrópukeppni landsliða í körfuknattleik sem fram fer fyrr um daginn.
23.00 **Söngurinn léttir lífið** (Kenny Rogers: Working America). Hinn vinsæli, bandaríski sveitasöngvari, Kenny Rogers, heilsar upp á vinnandi fólk víðs vegar um Bandaríkin og kemur einnig fram á tónleikum.
23.50 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

9.00 **Alli og íkornarnir.** Teiknimynd.
9.25 **Lafði Lokkaprúð.** Falleg teiknimynd.
9.35 **Selurinn Snorri.** Teiknimynd með íslensku tali.
9.50 **Þrumukettir.** Teiknimynd.
10.15 **Drekar og dýflissur.** Teiknimynd.
10.40 **Smygl.** Breskur framhaldsmyndaflokkur í þrettán þáttum fyrir börn og unglinga. 12. hluti.
11.10 **Kaldir krakkar.** Spennandi framhaldsmyndaflokkur í sex þáttum fyrir börn og unglinga. 3. þáttur.
11.35 **Albert feiti.** Skemmtileg teiknimynd með Albert og öllum vinum hans.
12.00 **Óháða rokkið.** Tónlistarþáttur.
12.55 **Mannslíkaminn.** Living Body. Einstaklega vandaðir þættir um mannslíkamann. Þulur: Guðmundur Ólafsson.
13.25 **Bílaþáttur Stöðvar 2.** Var áður á dagskrá 13. júní síðastliðinn.
13.55 **Stríðsvindar.** North and South. Vegna fjölda áskorana hefur Stöð 2 ákveðið að endursýna þessa stórkostlegu framhaldsmynd sem byggð er á metsölubók John Jake. Fyrsti hluti af sex. Aðalhlutverk: Kristie Alley, David Carradine, Philip Casnoff, Mary Crosby og Lesley-Ann Down.
15.25 **Framtíðarsýn.** Beyond 2000. Líflegir ástralskir þættir með alþjóðlegu yfirbragði þar sem einir fremstu vísindamenn heims velta fyrir sér tæknivandamálum framtíðarinnar og reyna að leysa þau. Víðs vegar um heiminn verður leitað fanga og í hverjum þætti verða tekin fyrir nokkur spennandi viðfangsefni. Þættirnir eru nú sýndir í yfir áttatíu þjóðlöndum og hafa hlotið mikla athygli fyrir einfalda og áhugavekjandi uppbyggingu. Það má geta þess til gamans að framleiðendur þáttanna leituðu fanga hérna á Íslandi.
16.20 **Golf.** Sýnt verður frá alþjóðlegum stórmótum. Umsjón: Björgúlfur Lúðvíksson.
17.15 **Listamannaskálinn.** South Bank Show. **Jackson Pollock.** Umsjón: Melvyn Bragg.
18.10 **NBA-körfuboltinn.** Leikir vikunnar úr NBA-deildinni. Umsjón: Heimir Karlsson og Einar Bollason.
19.19 **19:19.** Fréttir, íþróttir, veður og frískleg umfjöllun um málefni líðandi stundar.
20.00 **Svaðilfarir í Suðurhöfum.** Tales of the Gold Monkey. Ævintýralegur og spennandi framhaldsmyndaflokkur fyrir alla fjölskylduna. Aðalhlutverk: Stephen Collins, Caitlin O'Heaney, Roddy McDowell og Jeff Mackay.
20.55 **Lagt í'ann.** Nú ætlar Sigmundur Ernir að þeysa um Hveradali á vélsleða ásamt nokkrum fræknum vélsleðamönnum. Án efa verður það ferðalag náttúruunnendum forvitnilegt. Veðurblíðan lék við ferðalangana og höfðu allir hina mestu skemmtan af þessari óvenjulegu ferð. Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson.
21.25 **Max Headroom.** Hann er góður. **Að gefnu tilefni skal tekið fram að í þessum þætti eru atriði sem ekki eru við hæfi barna.**
22.15 **Þetta er þitt líf.** This is Your Life. Vinsæli sjónvarpsmaðurinn Michael Aspel tekur á móti frægu fólki eins og honum einum er lagið.
22.45 **Verðir laganna.** Hill Street Blues. Spennuþættir um líf og störf á lögreglustöð í Bandaríkjunum. Aðalhlutverk: Michael Conrad, Daniel Travanti og Veronica Hamel.
23.30 **Lögð í einelti.** Someone's Watching Me. Fyrsta daginn í nýju vinnunni fær hún upphringingu. Hún kynnir sig með nafni en þá rofnar sambandið. Aðalhlutverk: Lauren Hutton, David Birney og Adrienne Barbeau. **Ekki við hæfi barna.**
00.35 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

7.45 **Útvarp Reykjavík,** góðan dag.
7.50 **Morgunandakt.** Séra Ingiberg J. Hannesson, prófastur á Hvoli í Saurbæ, flytur.
8.00 **Fréttir.** Dagskrá.
8.15 **Veðurfregnir.** Tónlist.
8.30 **Á sunnudagsmorgni** með Davíð Scheving Thorsteinssyni framkvæmdastjóra. Bernharður Guðmundsson ræðir við hann um guðspjall dagsins. Lúkas 5. 1–11.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Tónlist á sunnudagsmorgni.** Thomas Arne, Franz Krommer og Wolfgang Amadeus Mozart.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.30 **Innsetning hr.** Ólafs Skúlasonar í embætti biskups Íslands við guðsþjónustu í Dómkirkjunni. Ritningarlestra annast sr. Auður Eir Vilhljómsdóttir, sr. Guðmundur Þorsteinsson, sr. Sigurður Guðmundsson vígslubiskup, auk fulltrúa erlendra kirkna. Kór Bústaðakirkju frumflytur kórverk eftir Jón Ásgeirsson við 119. sálm Davíðs; Stjórnandi: Guðni Þ. Guðmundsson. Dómkórinn flytur annan messusöng undir stjórn Marteins H. Friðrikssonar sem annast orgelleik. Altarisþjónustu annast Sr. Hjalti Guðmundsson, sr. Jón Einarsson og biskup Íslands, hr. Pétur Sigurgeirsson
12.10 **Dagskrá.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.00 **Síldarævintýrið á Siglufirði.** Fjórði þáttur af sex í umsjá Kristjáns Róberts Kristjánssonar og Páls Heiðars Jónssonar. (Frá Akureyri)
14.00 **Setning prestastefnu 1989 í safnaðarheimili Garðakirkju,** Kirkjuhvoli. Biskup Íslands, hr. Pétur Sigurgeirsson flytur skýrslu sína.
15.10 **Í góðu tómi** með Hönnu G. Sigurðardóttur.
16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Mannlífsmyndir.** Umsjón: Ragnheiður Davíðsdóttir.
17.00 **Tónleikar á vegum Evrópubandalags útvarpsstöðva –** Robert Schumann og Antonin Dvorák.
18.00 **Út í hött.** með Illuga Jökulssyni. (Einnig útvarpað kl. 21.40 á miðvikudag)
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.31 **Tónlist.**
20.00 **Sagan:** Vala eftir Ragnheiði Jónsdóttur. Sigrún Edda Björnsdóttir les (7.)
20.30 **Íslensk tónlist.** eftir Jórunni Viðar, Karólínu Eiríksdóttur og Misti Þorkelsdóttur.
21.10 **Kviksjá.** Umsjón: Freyr Þormóðsson og Ragnheiður Gyða Jónsdóttir. (Endurtekinn þáttur frá fimmtudegi.)
21.30 **Útvarpssagan:** Svarfdæla saga. Gunnar Stefánsson les (4.)
22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.15 **Veðurfregnir.** .
22.20 **Harmónikuþáttur.** Umsjón: Högni Jónsson.
23.00 **Strikum yfir stóru orðin.** Hannes Hafstein, stjórnmálamaðurinn og skáldið (þriðji þáttur af fjórum.) Handrit: Gils Guðmundsson. Stjórnandi flutnings: Klemenz Jónsson. Sögumaður: Hjörtur Pálsson. Aðrir flytjendur: Arnar Jónsson, Herdís Þorvaldsdóttir, Pálmi Gestsson og Þórhallur Sigurðsson.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Sígild tónlist í helgarlok eftir Johannes Brahms.**
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## RÁS 2 FM 90,1

8.10 **Áfram Ísland.**
9.03 **Sunnudagsmorgunn með Svavari Gests.** Sígild dægurlög, fróðleiksmolar, spurningaleikur og leitað fanga í segulbandasafni Útvarpsins.
11.00 **Úrval.** Úr dægurmálaútvarpi vikunnar á rás 2. Umsjón: Sverrir Gauti Diego.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Tónlist.** Auglýsingar.
13.00 **Paul McCartney og tónlist hans.** Fjórði þáttur. Skúli Helgason fjallar um tónlistarferil Paul McCartney í tali og tónum.
14.00 **Í sólskinsskapi.** – Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir.
16.05 **Söngleikir í New York** – Anything Goes. Árni Blandon kynnir söngleikinn Anything Goes eftir Cole Porter.
17.00 **Tengja.** Kristján Sigurjónsson tengir saman lög úr ýmsum áttum. (Frá Akureyri)
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.31 **Íþróttarásin.** Íþróttafréttamenn fylgjast með fjórum leikjum í fyrstu deild karla á Íslandsmótinu í knattspyrnu. Leikirnir eru: Valur – Fylkir, ÍBK – ÍA, FH – KR og KA – Víkingur.
20.00 **Áfram Ísland.**
20.30 **Í fjósinu.** Bandarísk sveitatónlist.
21.30 **Kvöldtónar.**
22.07 **Á elleftu stundu.** Anna Björk Birgisdóttir í helgarlok.
02.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 8.00, 9.00. 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

01.00 **Blítt og létt...** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað í bítið kl. 6.01.)
02.00 **Fréttir.**
02.05 **Djassþáttur.** – Jón Múli Árnason. (Endurtekinn frá miðvikudagskvöldi á rás 1.)
03.00 **Rómantíski róbótinn.**
04.00 **Fréttir.**
04.05 **Á vettvangi.** (Úrval úr þjóðmálaþáttum vikunnar á rás 1.)
04.30 **Veðurfregnir.**
04.35 **Næturnótur.**
05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
06.01 **Blítt og létt...** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur á nýrri vakt.

## FM 98,9 BYLGJAN

9.00 **Haraldur Gíslason.** Hrífandi morguntónlist sem þessi morgunglaði dagskrárgerðarmaður sér um að raða undir nálina. Förum snemma á fætur með Harðsnúna Halla!
13.00 **Ólafur Már Björnsson.** Þægileg tónlist er ómissandi hluti af helgarstemningunni og Ólafur Már kann sitt fag.
18.00 **Kristófer Helgason.** Helgin senn úti og virku dagarnir framundan. Góð og þægileg tónlist í helgarlokin. Ómissandi við útigrillið!
24.00 **Næturdagskrá.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

9.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson. Fjör við fóninn.** Skínandi góð morgunlög sem koma öllum hlustendum í gott skap og fram úr rúminu.
14.00 **Margrét Hrafnsdóttir** fer með hlustendum í bíltúr, kíkir í ísbúðirnar og leikur góða tónlist. Margrét sér okkur fyrir skemmtilegri sunnudagsdagskrá með ýmsum óvæntum uppákomum.
17.00 **Sagan á bak við lögin.** Þáttaröð í umsjón Helgu Tryggvadóttur og Þorgeirs Ástvaldssonar.
18.00 **Kristófer Helgason.** Helgin senn úti og virku dagarnir framundan. Góð og þægileg tónlist í helgarlokin.
24.00 **Næturstjörnur.**

## Rót ÚTVARP FM 106,8

10.00 **Sígildur sunnudagur.** Leikin klassísk tónlist.
12.00 **Jazz & blús.**
13.00 **Prógramm.** Tónlistarþáttur í umsjá Sigurðar Ívarssonar. Nýtt rokk úr öllum heimsálfum.
15.00 **Poppmessa í G-dúr.** Umsjón: Jens Kr. Guð.
17.00 **Ferill og „FAN". Baldur Bragason fær til sín gesti sem gera uppáhaldshljómsveit sinni góð skil.**
**19.00 Gulrót. Guðlaugur Harðarson.**
**20.00 Fés.** Unglingaþáttur í umsjá Dags og Daða.
21.00 **Múrverk.** Tónlistarþáttur í umsjá Árna Kristinssonar.
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Næturvakt.**

## ALFA FM·102,9

14.00 **Orð Guðs til þín.** Þáttur frá Orði lífsins – endurtekið frá þriðjudegi.
15.00 **Blessandi tónar. Guð er hér og vill finna þig.**
21.00 **Orð Guðs til þín.** Þáttur frá Orði lífsins – endurtekið frá fimmtudegi.
22.00 **Blessandi boðskapur í margvíslegum tónum.**
24.00 **Dagskrárlok.**

## EFFEMM 95,7

8.00 **Stefán Baxter.**
12.00 **Ásgeir Tómasson.**
15.00 **Óvænt.**
22.00–7.00 **Sigurður Ragnarsson.**

## SKY CHANNEL

4.30 **Fugl Baileys.** Ævintýrasería.
5.00 **The Hour of Power.** Trúarþáttur
6.00 **Gríniðjan.** Barnaefni.
10.00 **Íþróttaþáttur.** Kappakstur.
11.30 **Tískuþáttur.**
12.00 **Kvikmynd.**
14.00 **Beyond 2000.** Vísindaþáttur.
15.00 **Box.** Heimsmeistarakeppni í léttþungavigt.
16.00 **Joannie Loves Chachi.** Gamanþáttur.
16.30 **Eight Is Enough.** Gamanþáttur.
17.30 **Dolly.** Skemmtiþáttur með Dolly Parton.
18.30 **Family Ties.** Gamanþáttur.
19.00 **Life's Most Embarrassing Moments.**
**20.00 Box.** Heimsmeistarakeppni í léttþungavigt.
21.30 **Entertainment This Week.** Fréttir úr skemmtanaiðnaðinum.
22.30 **Poppþáttur.**

## SKY MOVIES

15.00 **Broadway Danny Rose.**
17.00 **Short Circuit.**
19.00 **Hannah and her Sisters.**
21.00 **Target.**
23.00 **Hi Mom.**

## EUROSPORT

9.30 **Irish Open Golf.** Meistarakeppni í Dublin.
11.30 **Tennis.** Meistaramót á grasvelli í Wentworth.
13.30 **Vélhjólaakstur.** Grand Prix keppni í Hollandi.
14.30 **Körfuknattleikur.** Frá Evrópumóti karla í Júgóslavíu.
15.30 **Eurosport Menu.**
17.00 **Irish Open Golf.** Meistarakeppni í Dublin.
19.30 **Tennis.** Kvennamót í Eastbourne.
20.30 **Körfuknattleikur.** Úrslitaleikur Evrópukeppni karla í Júgóslavíu.
22.00 **Rugby.** Keppni í áströlsku deildinni.

## SUPER CHANNEL

5.00 **Teiknimyndir.**
9.00 **Evrópulistinn.** Poppþáttur.
10.00 **Tískuþáttur.**
10.30 **Today's World.**
11.00 **Trúarþáttur.**
11.30 **Blake's Seven.** Vísindaskáldskapur.
12.30 **Salvage One.** Gamanþáttur.
13.30 **Euro Magazine.**
13.45 **Tónlist og tíska.**
15.30 **Veröldin á morgun.**
16.00 **European Business Weekly.** Viðskiptaþáttur.
16.30 **Roving Report.** Fréttaskýringaþáttur
17.00 **Poppþáttur.**
18.00 **Breski vinsældalistinn.**
19.00 **Twilight Zone.**
20.00 **Körfubolti.** Úrslitakeppni í NBA.
20.25 **An Early Frost.** Kvikmynd.
22.30 **Tíska og tónlist.**

## Rás 1 kl. 15.10:
# Í góðu tómi

Með sumardagskrá Útvarpsins skaut upp kollinum þátturinn, Í góður tómi. Honum verður varið til að hugleiða eitt og annað smálegt úr tilverunni – t.a.m. verður farið í gamlar hirslur, kannað hvað kemur upp úr glatkistunni og lesið upp úr gömlum blöðum og bæklingum. Einnig verður hlýtt á sumarleyfisþanka úr ýmsum áttum og mætir menn fengnir til að rifja upp minningar úr sumarvinnu á skólaárunum. Síðast en ekki síst verður valið orðtak hvers þáttar sem Halldór Halldórsson skýrir út. Inn á milli atriða verður leikin tónlist á hugljúfum og sumarlegum nótum. Umsjónarmaður þessara þátta er Hanna G. Sigurðardóttir.



Shelley er kominn aftur á skjáinn eftir fimm ára dvöl í Bandaríkjunum.

## Sjónvarp kl. 19.00:
# Shelley, gamanmyndaflokkur

Þetta er breskur gamanmyndaflokkur sem fjallar um hrakfallabálkinn Shelley. Í fyrsta þætti segir frá því þegar Shelley snýr til baka til Englands eftir að hafa átt fimm róleg ár í Ameríku. Hann lendir á Heathrow flugvelli í London – í föðurlandinu. Hann lendir þó í einhverjum erfiðleikum við heimkomuna. Þegar við skildum við Shelley síðast gekk Maggie þokkalega að venja sig við venjur níunda áratugarins. Nú er uppatímabilið hins vegar gengið í garð og öðru er ekki svarað. Áhorfendur fá nú að kynnast nýjum og ungum leigjendum Shelleys, Carol og Graham. Þeir sem hafa gaman af „hrakfallagríni" geta skemmt sér með Shelley. –ÓTT

## Stöð 2 kl. 15.25:
# Framtíðarsýn

Framleiðendum þessara þátta er ekkert óviðkomandi. Þessir áströlsku þættir eru með alþjóðlegu yfirbragði – teknir í um 40 löndum. Þeir endurspelga á hraðan og skemmtilegan hátt hvernig hugmyndir fremstu vísindamanna eru framkvæmdar og heimfærðar á raunveruleikann. Hver þáttur fjallar um 8–10 viðfangsefni og hafa þeir vakið athygli fyrir aðgengilega framsetningu. M.a. er fjallað um byggingaraðferðir og arkitektúr og framtíðarsýn á sviði læknavísinda. Þó kemur fram að þrátt fyrir mikla tækni og kunnáttu virðast vísindamenn vita lítið um einstaka þætti líkamans. Einnig er fjallað um fólks- og vöruflutninga, tölvutækni, geimvísindi og stjörnufræði. -ÓTT

## Stöð 2 kl. 17.15:
# Listamannaskálinn
## – Jakcson Pollock

Bandaríski málarinn, Jackson Pollock, var fyrsti listamaðurinn á sínu sviði sem var viðurkenndur á meðal evrópskra meistara á þessari öld. Líf hans og dauði var fyrirmynd margra annarra. Hann var kúreki sem varð seinna stjarna í listaheimi New York borgar. Pollock lést drukkinn í bílslysi árið 1956 – hann var þá 44 ára gamall.

Andstæður einkenndu líf Pollocks. Málverk hans vöktu athygli og viðurkenningu. Það varð þó bein afleiðing af baráttu hans við alkóhólisma. Samt sem áður skapaði hann góðan jarðveg fyrir bandarískar listir. Þessi þáttur er byggður á myndum úr lífi Pollocks. Fjallað er um verk hans sem gerðu hann að goðsögn og hvernig þau endurspeglast í tíðaranda sjötta áratugarins. –ÓTT